

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Deiliskipulagið afmarkast af Iðjustíg og Krossmóa til suðurs, vesturmörkum lóðarinnar Krossmóa 2 og Hafnargötu til vesturs, Víkurbraut til norðurs og Bakkastíg til austurs.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Hafnargötu 91 og 93, dags. 25. október 2003. Þá er í gildi deiliskipulag fyrir Víkurbraut 29, Iðjustíg 1 og Krossmóa 2 ásamt opnu svæði á bæjarlandi dags. 17. desember 2003, breytt 20. febrúar 2004.

Þessar skipulagstillögur falla úr gildi við gildistöku auglýsingar þessarar.

Reykjanesbæ, 17. febrúar 2005.

Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs,

Viðar Már Aðalsteinsson.

1. mars 2005

Nr. 349

GJALDSKRÁ

fyrir dóma á kynbótahrossum.

1. gr.

Gjald fyrir dóma á kynbótahrossum skal vera sem hér segir:

- | | |
|------------------------------------|-----------|
| a) Gjald til búnaðarsambanda | kr. 4.000 |
| b) Gjald til Bændasamtaka Íslands: | |
| – launahluti | kr. 1.500 |
| – rekstur tækja | kr. 283 |
| c) Vallaraðstaða | kr. 1.300 |

2. gr.

Á gjöld skv. a- og b-lið 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%. Heildardómagjald fyrir kynbótasýningar er því kr. 8.500.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir dóma á hrossakynbótasýningum nr. 368/2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. mars 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.